

29.11.2021

BT. skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar,

Til þeirra sem málið varðar,

Efni: fyrirhugaðar breytingar á íbúðarhúsnæði að Meltröð 6, 200 Kópavogi.

Eftir að hafa farið yfir teikningar sem okkur voru sendar með fyrirhuguðum breytingum á húsnæðinu að Meltröð 6 getum við ekki samþykkt fyrirhugaðar breytingar.

Aðalatriðið er að við myndum missa gott útsýni til norðurs úr okkar húsnæði. Á efri hæð húsnæðisins, nánar tiltekið á norðurgafli, er gott mjög útsýni til norðurs sem við myndum missa við þessar breytingar.

Um er að ræða útsýni úr stórum gluggum, út um svefnherbergisglugga og úr holi. Þaðan má sjá vel til norðurs, yfir Fossvoginn, yfir Borgarspítalann, yfir Bústaðahverfið og alla leið að Esjunni. Það er fátt sem stenst fegurð Esjunnar á milli árstíða.

Einnig myndum við missa útsýni til norðvesturs í átt að Fossvogskirkjugarði og að Perlunni.

Nú eru lóðirnar misháar og teljum við að okkar húsnæðið standi efst á þessum hrygg. Þar með erum við með meira útsýni sem á að svipta okkar með þessum breytingum. Við keyptum þetta húsnæði með þeim formerkjum að við værum með útsýni til norðurs og vestur á efri hæð húsnæðisins.

Nú stendur húsnæðið að Meltröð 6 á stórri lóð með mikla möguleika til stækkunnar. Við skiljum ekki hvers vegna það er ekki hægt að breikka húsnæðið út í lóðina, á einni hæð. Nú er Meltröð 8 á einni hæð og myndi það því ekki skaða ásýnd götunnar. Þess má geta að þessi breyting tekur mikla sól frá húseigendum í Hátröð en þeirra bakgarður snýr í vestur.

Við höfum miklar áhyggjur af verðgildi húsnæðis okkar. Við höfum rætt við fasteignasala sem hefur tjáð okkur að þessi breyting muni skerða verulega verðgildi húsnæðis okkar þar sem við missum þetta útsýni.

Það skýtur skökku við að sjá á teikningunni að húseigendur ætla sér að byggja stórar útsýnissvalir til norðurs á okkar kostnað. Þau fá útsýni sem við missum! Að okkar mati er þetta ómissandi útsýni.

Að ofangreindu sögðu getum við ekki með neinu móti samþykkt þessar breytingar og mótmælum harðlega.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Emil Beck, Æsa Skeggjadóttir íbúar að Meltröð 4.



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026